

# Aðalfundur Sambands orkusveitarfélaga

28. september 2012, kl. 13:00

Mættir eru 22 aðilar frá 14 aðilar sveitarfélögum.

Dagskrá aðalfundar Sambands orkusveitarfélaga

1. Inntaka nýrra aðildarsveitarfélaga.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningar sambandsins.
4. Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins ásamt ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning formanns stjórnar, aðra stjórnarmenn og varastjórn til tveggja ára.
7. Mál sem stjórn sambandsins, einstakir fulltrúar eða sveitarstjórnir óska að tekin verði fyrir.

Eydís Þ. Indriðadóttir setur fundinn, Tryggvi Þórhallsson var kosinn fundarstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir kosin fundarritari.

## 1. Inntaka nýrra aðildarsveitarfélaga.

Engin sveitarfélög hafa óskað eftir aðild síðan á stofnfundin en þá voru 14 sveitarfélög sem óskuðu eftir þátttöku í samtökunum og 3 sveitarfélög bættust við fljótlega eftir stofnfund í samræmi við samþykkt á stofnfundinum að hægt væri að óska eftir því að verða stofnaðili í stuttan tíma eftir stofnfund. Lagður er fram listi yfir þessi 17 sveitarfélög og engar athugasemdir bárust og telst sá listi því vera listi yfir stofnsveitarfélög.

*Stofnsveitarfélög eru:*

1. Ásahreppur
2. Bláskógabyggð
3. Fljótsdalshérað
4. Flóahreppur
5. Grindavíkurbær
6. Grímsnes- og Grafningshreppur
7. Hafnarfjarðarbær
8. Hrunamannahreppur
9. Húnavatnshreppur
10. Rangárþing Ytra
11. Reykjanesbær
12. Seltjarnarnesbær
13. Seyðisfjörður
14. Skeiða- og Gnúpverjahreppur
15. Skútustaðahreppur
16. Sveitarfélagið Ölfus
17. Þingeyjarsveit

*Síðar bættust við:*

18. Fjarðarbyggð
19. Fljótsdalshreppur
20. Norðurþing

## **2. Skýrsla stjórnar.**

Eydís Þ. Indriðadóttir, formaður sambands orkusveitarfélaga fer yfir skýrslu stjórnar sem send var út með aðalfundarboði. Kom þar fram að fyrsta árið hafi að mestu farið í að koma sambandinu af stað og kynna sér sambærileg samtök á norðurlöndunum. Einnig var kynnt ráðstefna sem halda á þann 16. nóvember. Þar munu koma aðilar frá sambærilegum samböndum frá Noregi og kynna hvernig skattlagning orkuauðlinda og orkunýtingar rennur til sveitarfélaganna. Einnig var sagt frá því að sambandið hafði fengið lögfræðing til að vinna greinargerð um þær undanþágur sem eru í gildi vegna ýmissa orkumannvirkja, svo sem raflagnir og stíflur.

Fundarstjóri leggur til að umræður um lið 2-4 verði teknar saman og er það samþykkt.

## **3. Ársreikningar sambandsins.**

Ekki var lagður fram ársreikningur fyrir árið 2011 þar sem enginn rekstur var á því ári, hvorki tekjur né gjöld. Enginn gerði athugasemdir við það uppgjör.

## **4. Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins ásamt ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar.**

Stefán Bogi Sveinsson, núverandi gjaldkeri sambandsins fer yfir árið 2011, 2012 og fjárhagsáætlun ársins 2013.

Athugasemdir bárust að ekki lægi frammi fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 en aðalfundur er aðeins á tveggja ára fresti og væri því eðlilegt að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir það ár einnig. Var lagt til að fjárhagsáætlun ársins 2014 væri samhljóma fjárhagsáætlun 2013.

Rætt var um fyrsta starfsár sambandsins og sérstaklega spurt hvort sambandið væri orðið þekkt innan stjórnkerfisins. Staðfest var að stjórn sambandsins hafði verið í sambandi við bæði ráðuneyti og þingmenn í að kynna tilveru þess og hefur því verið tekið vel. Einnig hafa önnur samtök og fyrirtæki er starfa í orkuíðnaði óskað eftir samráði við sambandið.

Sérstaklega var óskað eftir því að greinargerðin er lögfræðingur vann fyrir sambandið vegna undanþágu á fasteignasköttum hjá orkufyrirtækjum verði send aðildarsveitarfélögum. Stjórn svaraði því til að hún yrði send út fljótlega.

Samþykkt er fjárhagsáætlun ársins 2013 og er hún einnig samþykkt sem fjárhagsáætlun ársins 2014.

Lagt er til að árgjald og þóknun stjórnar fyrir árin 2013 og 2014 verði óbreytt frá fyrra ári.

Tillaga um árgjald er:

0-5þúsund íbúar = 100.000 kr.

5.-10.000 íbúar = 200.000 kr.

10.000 íbúar + = 300.000 kr.

Tillaga um þóknun stjórnar er:

20.000 kr. fyrir almenna stjórnarmenn

40.000 kr. fyrir formann stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

## **5. Lagabreytingar.**

Fyrir fundinum liggur ein tillaga að lagabreytingu en það er að nafni Sambands orkusveitarfélaga verði breytt í Samtök orkusveitarfélaga. Tillagan er samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

## **6. Kosning formanns stjórnar, aðra stjórnarmenn og varastjórn til tveggja ára.**

Stefán Bogi Sveinsson fór yfir ákvæði samþykkt Sambands orkusveitarfélaga um hvernig eigi að skipa í stjórn en þar kemur fram að kjósa skal formann sérstaklega, síðan sex stjórnarmenn og fjóra varastjórnarmenn. Taka skal tillit til kynjasjónarmiða og landssvæða.

Tillaga er um Stefán Boga Sveinsson frá Fljótsdalshéraði sem formann. Er það samþykkt með lófataki.

Tilaga um stjórnarmenn eru:

Bryndís Gunnlaugsdóttir – Grindavíkurbæ  
Dagbjört Jónsdóttir – Þingeyjarsveit  
Eydís Þ. Indriðadóttir – Ásahreppi  
Eyjólfur Sæmundsson – Hafnarfjarðarbær  
Jens Pétur Jensen – Húnavatnshreppi  
Svein Steinarsson – Sveitarfélaginu Ölfusi

Tillagan er samþykkt með lófataki.

Tilaga um varastjórnarmenn eru:

Arnbjörg Sveinsdóttir – Seyðisfjarðarkaupstað  
Árni Sigfússon – Reykjanesbæ  
Dagbjört Bjarnadóttir – Skútustaðahrepp  
Gunnar Þorgeirsson – Grímsnes- og Grafningshreppi

Tillagan er samþykkt með lófataki.

Tillaga um skoðunarmenn eru:

Gunnlaugur Júlíusson og Valgerður Freyja Ágústsdóttir – starfsmenn hjá Sambandi íslenskra Sveitarfélaga.

Tillagan er samþykkt

## **7. Mál sem stjórn sambandsins, einstakir fulltrúar eða sveitarstjórnir óska að tekin verði fyrir – Önnur mál.**

Stefán Bogi Sveinsson nýkjörinn formaður stjórnar slítur fundinum og fjallar um komandi störf samtakanna.

Fyrsta starfsárið hefur farið í að kynna sér starfssviðið sem samtökin starfa á en það er mikið framundan hjá Samtökunum. Ráðstefnan þann 16. nóvember er mjög mikilvægur vettvangur fyrir alla til þess að ræða sanngjarna skattheimtu á orkuiðnaðinn. Það eru einnig mörg mál í gangi sem samtökin þurfa að taka þátt í t.d. lagabreytingar, rammaáætlanir og fleira.

Fundi slitið 14:15